

hvorki sé til upphaf né endir, geta samt látið sér hugkvænt að lífið taki enda, að sá tími sé til, er enginn hlutur verði framtíðar til. Vér búum hér á hnerti, er hreyfist um endalausan geim, og störum aðeins hálfssjáandi augum á leyndardóma og furið-sýnir himinhvolfsins, er æ verða undursanilegri eftir því sem ferðalagið lengir. Og hvergi er hin minsta bending, ekki ávænningur, að út fyrir verði farið tíma og rúm. Og sannlega er sá trúarveikur er heldur, að um leið og rökkrið fellur yfir þær „fimm gættir“ er vér horfum út um yfir heiminn, það gesi nokkuð annað til kynna, en asturbirtu, ljósmeiri dag en þann liðna. Þegar vér erum sem fyllilegast vér sjálfr, þráum vér samfélag við guð, að hafa hans sýslan með höndum, að hugsa og vinna í hans nafni, vera engu undirgefni nemá hans vilja, lúta engu öðru valdi, viðurkenna engann annan dómara. Allt annað verður tilgangs snautt.

Með þetta fyrir augum, þegar vér svo hittum fyrir lítinn hóp manna, skoðana frjálsa, er lært hafa að þekkja undirstöðulögnumál trúarbragðanna, og lært hafa að meta ævarandi gildi þess, svo að ekkert getur rift skoðun þeirra eða gint þá frá því, sem þeir vita að eru hin einu og nauðsynlegu skilyrði mannlegrar *welferðar*, hvort heldur andlega eða líkamlega, smáhópa manna, er standa stöðugir árið út og árið inn, þrátt fyrir hróp, hroka og óvild voldugra trúflokka, hlýtur maður að álita, að skoðanir þeirra hafi við söguleg rök, eða að minsta kosti forn-kristileg rök að styðjast, er þolað hafi og þola muni alla eldraun mannlegra ofsókna og mannlegra rannsókna. Merkur rit-höfundur segir, að Jesú hafi flutt þá stórkostlegustu ræðu er nokkru sinni hafi farið yfir mannlegar varir. En ræðan var aðeins nokkrar setningar að lengd. Það hefði mátt ætla, að Jesú hefði valið þann tíma til þess, er tilheyrendur hans hefði verið fjölmargir, eins og sandur við sjáfarmál, svo áriðandi var að allur heimur heyrði þann boðskap. Í þess stað var aðeins einn tilheyrandi, hvorki Grikkir né Gyðingur, heldur Samversk kona er var úrkast meðal sinnar eigin þjóðar. Hvílik áminning til manna, fyrir vantraust þeirra á sannleikanum. Hvílik áminning um kraft sannleikans að komast til viðurkenningar!